

## REGLUGERÐ

### um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (IX).

#### 1. gr. *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um innflutning og útflutning á víni milli Íslands og annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. Vín sem upprunnið er frá landi utan Evrópska efnahagssvæðisins heyrir ekki undir reglugerðina, samanber bókun 47 við EES-samninginn.

#### 2. gr. *Innleiðing reglugerðar.*

Eftirfarandi reglugerð Evrópusambandsins um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín skal gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í viðkomandi ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar:

- i. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2281 frá 11. desember 2017 (sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB, nr. 42/2018, 28. júní 2018, bls. 299), um að heimila hækkun marka fyrir auðgun víns sem framleitt er úr þrúgum úr uppskeru ársins 2017 í tilteknum vínæktarhéruðum í Þýskalandi og í öllum vínæktarhéruðum í Danmörku, Hollandi (Niðurlandi) og Svíþjóð, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2018, frá 31. maí 2018, um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín.

#### 3. gr. *Gildistaka og lagastöð.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 193. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 25. október 2018.*

F. h. r.  
**Marianna Jónasdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Steinar Örn Steinarsson.*